



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

GASF4FR07

(Garðplöntuframleiðsla II - framhaldsræktun)

Kennari/kennarar:	Bryndís Björk Reynisdóttir bryndisbjork@fsu.is
-------------------	--

Áfangalýsing:

- Uppsetning svæða fyrir pottaplöntur, berrótaplöntur og hnausaplöntur. Undirbúningur beða fyrir framleiðslu berrótaplantna og hnausplantna. Uppeldi runna og trjáa í pottum og á beðum. Ræktun stórra trjáa auk ræktunar á ýmsum plöntuhópum, s.s. klifurplöntum og berjarunnum. Viðeigandi ræktunartækni tekin fyrir s.s. vatns – og áburðargjöf, plöntuvernd, vaxtarstýring, vetrargeymsla, frágangur plantna fyrir sölu, söluaðstaða, merkingar plantna fyrir sölu. Innflutningur plantna, lög og reglugerðir þar að lútandi. Útreikningur á framleiðslukostnaði ýmissa garðplantna. Tilraunir með garðplöntur á Íslandi.

Undanfari: GASF3SP07 (Garð- og skógarplöntuframleiðsla II – Smáplöntuframleiðsla), ÁBSÝ3FV04 (Áburðargjöf og sýnataka)

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**
- Uppsetningu svæða fyrir framhaldsræktun plantna.
- Undirbúningi beða fyrir framleiðslu beðplantna.
- Uppeldi plantna í pottum og á beðum.
- Ræktun stórra trjáa og ýmissa lykilhópa plantna, s.s. klifurplantna og berjarunna.
- Ræktunartækni framhaldsræktunar plantna.
- Sölu plantna, aðstöðu og frágangi plantna fyrir sölu.
- Innflutningi plantna, lögum og reglum.
- Útreikningi á framleiðslukostnaði ýmissa garðplantna.
- Helstu tilraunum með garðplöntur á Íslandi.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Undirbúa svæði fyrir framhaldsræktun plantna, s.s. beð og svæði fyrir pottaræktun.
- Ala upp plöntur í pottum og á beðum.
- Beita viðeigandi aðferðum og ræktunartækni við ræktun stórra trjáa og ýmissa lykilhópa plantna.
- Ganga frá plöntum fyrir sölu og undirbúa söluaðstöðu.
- Leita upplýsinga um innflutning plantna í viðeigandi lögum og reglugerðum.
- Reikna út framleiðslukostnað ýmissa garðplantna.
- Skoða helstu tilraunir með garðplöntur á Íslandi og nýta sér niðurstöður þeirra.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Meta hvers konar aðstöðu þarf til fjölbreyttrar framhaldsræktunar plantna og hvaða undirbúningur þarf að eiga sér stað áður en framleiðsla hefst ...sem er metið með... útsjónarsemi og verkskipulagi.
- Setja fram ræktunaráætlanir um framhaldsræktun plantna í pottum eða á beði og fylgja þeim eftir með viðeigandi ræktunartækni, með hagkvæmni og gæði framleiðslunnar að leiðarljósi ...sem er metið með... verklagi, útsjónarsemi og rökstuðningi.
- Skipuleggja söluaðstöðu og söluferli garðplantna og verðleggja þær í samræmi við framleiðslukostnað ...sem er metið með... framsetningu og rökstuðningi.
- Skipuleggja og framkvæma innflutning plantna í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi ...sem er metið með... verklagi og rökstuðningi.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi tilrauna með garðplöntur á Íslandi fyrir fagþróun í greininni ...sem er metið með... rökstuðningi og rökræðum.

Námsefni:

Garð- og skógarplöntuframleiðsla II - samantekt eftir Guðrúnu Helgu

Guðbjörnsdóttur

Annað efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dags	Tími	dagur	Efni
1	6-Jan	9:00-15:45	þri	Verklegar æfingar
1	9-Jan	12:45-15:45	fös	Verklegar æfingar
2	15-Jan	09:00-15:45	fim	Fyrirlestur 1 - Gæði í pottaplöntuframleiðslu
3	22-Jan	09:00-15:45	fim	Fyrirlestur 2 - Pottaplöntuframleiðsla
4	29-Jan	09:00-15:45	fim	Fyrirlestur 3 - Ræktuntækni
5	2-Feb	12:45-15:45	mán	Verklegar æfingar
5	3-Feb	09:00-15:45	þri	Verklegar æfingar
6	12-Feb	09:00-15:45	fim	Fyrirlestur 4 - Ræktun lauftrjáa, Fyrirlestur 5 - Ræktun barrtrjáa
6	13-Feb	12:45-15:45	fös	Fyrirlestur 6 - Ræktun lauffellandi skrautrunna
7	19-Feb	09:00-15:45	fim	Fyrirlestur 7 - Ræktun sígrænna skrautrunna, Fyrirlestur 8 - Ræktun vafningsjurta
7	20-Feb	12:45-15:45	fös	Fyrirlestur 9 - Ræktun rósa
8	26-Feb	09:00-15:45	fim	Fyrirlestur 10 - Framleiðsla skrauttrjáa, Fyrirlestur 11 - Framleiðsla borgartrjáa
8	27-Feb	12:45-15:45	fös	Fyrirlestur 12 - Framleiðsla hnausaplantna
9	5-Mar	09:00-15:45	fim	Fyrirlestur 13 - Framleiðsla berjarunna
10	9-Mar	12:45-15:45	mán	Verklegar æfingar
10	10-Mar	09:00-15:45	þri	Verklegar æfingar
11	19-Mar	09:00-15:45	fim	Fyrirlestur 14 - Framleiðsla ávaxtatrjáa
12	26-Mar	09:00-15:45	fim	Upprifjun fyrir próf
13				Páskafri
14	8-Apr	12:45-15:45	mið	
15				Próf
17		9:00-15:45		Sjúkra og upptökuþróf

*Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sérreglur áfangans:

Skyldumæting er í lotuvikur. Lágmarkseinkunn fyrir lokapróf er 5 og gildir eingöngu ef öllum verkefnum er skilað. Lágmarkseinkunn fyrir áfangann er 6.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefnavinna	Skýrslur og verkefni	30%
Verkleg færni	Þáttaka í lotuvikum	20%
Próf	Lokapróf áfangans	50%
Samtals		100%

Garðyrkjuskólinn Reykjum, Ölfusi 12.12.2025